

Jón Óskar

Hafljóð

Ég sat einn dag og horfði út á hafið,
og hafið var með augu líkt og ég,
og augu hafsins horfðu í augu mér
og sögðu: ég er þú og þú ert hafið.

Ég sat einn dag og horfði út á hafið,
og hafsins augu voru myrk og djúp.
Ég sá þar ekkert ekkert nema djúp
og í því djúpi hvergi nokkurn veg.

Ég sat einn dag og horfði út á hafið,
og hafsins augu voru skær og blá.
Ég sá þar ekkert ekkert nema þrá,
og öll sú þrá og djúpið myrkt var ég.

Augu landsins

Einsog perlur
Skína augu landsins
og fylgja mér
í fjarlæg lönd
einsog stjörnur.

Stúlkan og hafið

Stúlkan horfði á eftir honum, þar sem
hann gekk til sjávar með stokkinn sinn
á bakinu, spengilegur og fjaðurmagnaður...

og um miðja nótt vaknaði hún og hann var
við rúmið hennar og hún sagði: Ertu kominn,
ástin mín? Og hann svaraði:

Nei
Það er hafið.

Skáldið

Viltu leyfa mér að strjúka hár þitt?

Það bar við eina nótt
að ég fór villu vegar.
Þá kom golan til mín og sagði:
Viltu leyfa mér að strjúka hár þitt?
Hver ert þú, sagði golan, það er ég, hver ert þú sem vilt strjúka hár mitt?

Það er ég, sagði golan, það er ég,
golan, vindurinn, blærinn.

En hvar er ástin, hvar er stúlkan sem hjartað þráir?
Það er ég, það er ég.
En þú ert vindur sem kemur og fer.
Ég er ljóðsins líf, ég kem ég fer,

En hvar er ástin mín,

Það er ég , sagði golan.
Leyf mér að strjúka hár þitt, ég er blíð.
Og hún fór um hár mitt þýðum örvandi höndum.

En ég var að leita mér að konu.
Það er ég sagði golan, það er ég.

En ekki getum við sofið saman þú og ég.

Þú ert skáld og vakir í örmum mér.

En ég þarf líka að sofa einsog aðrir.

Þú færð ekki að sofa, ég er ljóðið sem vekur þig.

Elskaðu mig, ég elska þig
því ég er þér allt, enginn enginn
elskar þig nema ég,
golan sem fer um hár þitt mildum höndum.

Þá beygði ég mig bljúgur að höndum hennar.

Svartálfadans

Þegar undir skörðum mána

Þegar undir skörðum mána
kulið feykir dínu laufi
mun ég eiga þig að rósu.

Þegar tregans fingurgómar
styðja þungt á strenginn rauða
mun ég eiga þig að brosi.

Steinninn

Vetrarlangt hefur steinninn
horft til mín úr varpanum
og vetrarlangt hef ég óskað
að vorsólin kæmi
og þerraði kaldan saggann
af hinum þögla vini mínum.

Í morgun hefur hið bláhvíta ljós
fallið á steininn og sjá:
það skriðu ormar út holum hans.

Skammdegisvísa

Svo harðir geta þeir verið næturskuggarnir
að hjartsláttur ástvinu minnar
verði þungur og dimmur

svo harðir geta þeir verið næturskuggarnir

Nú er garðstígurinn þögull

Í brjóst mitt hefur dropið eitur
af vængjum hins svarta fugls
sem fló fyrir brjóst mitt
og stjörnurnar sem brostu kankvíslega
í litlum skýjagluggum
hafa slökkt á kertum sínum
og gengið til náða.

Eins og vorfuglarum heiðið
svifu fyrrum mínar óskir
þá var blátt haf við ströndina
sem beið eftir skipi mínu
þá voru húsin með grænu þaki
sum voru með gráum strompi
og kátum vindhana á burstinni
og stúlkurnar áttu rauðar svuntur
á kvöldin lögðu vegfarendur
mali sína á vegbrún eða stein
og horfðu hlutlaust á sólarlagið
næturnar voru hlýjar og rósamar
eins og góðlyndar ömmur
og yrðu dagarnir hver öðrum líkir
komu uppstroknir sunnudagar
aðvífandi í sparifötum.

Ég lét á hafið: grænar og ögrandi
birtust framandi strendur
með blóm í hverjum glugga
luku ókunnar borgir
upp glæstum hliðum sínum
hversu vín borganna höfðu myrkur í hári
og augu af logandi hrafninu

en meðan þær syndguðu á strætunum
og vénið flaut á skálum
elskaði ég þig elskaði ég ykkur
konurnar með rauðar svuntur
konurnar með augun blá.

Hið bláa haf var alltaf grátt
loginn var fegurð borganna
og húsin eru ekki lengur með grænu þaki
það glamrar í sál heimsins: málmur.

Í fangi nætur
leita ég hvíldar friðleysi mínu
ég sem elska þig og elska þig ekki
ég sem hafði ætlað að safna brenni
og tendra þér rauðan eld
en nú er garðstígurinn þögull
og runnarnir ellibleikir
litlaust grasið bæra kaldir vindar
að ströndinni fellur svart brim.

Stríð

Járn þeirra eru grá
járn þeirra eru brýnd.

Undir fullu tungli
munu rauðar bylgjur
fara að strönd.

Tár falla á blóm
og þau munu fölna.

Vetrardagur

Í grænan febrúarhimin
stara brostin augu vatnanna
frá kaldri ásjónu landsins.

Af ferðum vindanna eirðarlausu
um víðáttu hvölsins
hafa engar spurnir borizt.

Litlausri hrímþoku blandið
hefur lognið stirðnað
við brjóst hvítra eyðimarka.

Undir hola þagnarskelina
leita stakir bassatónar
þegar íshjartað slær.

Á mjóum fótleggjum sínum
koma mennirnir eftir hjarninu
með fjöll á herðum sér.

Eirlitir dagar

Eirlitir dagar og nætur með svartar hendur
koma og fara og vindar á langbreyttum hestum
blása í kaun og bjóða góðan daginn
taka ofan og kveðja duttlungafyllst.
Bláir droparnir falla í aldanna brunna.

Ég er að koma heyrum við daginn segja
En greinum hlátur næturinnar að baki.

Spyrðu mig ekki hvers ég vænist og bíði
svar mitt er ekki fætt og hvort það fæðist
veit ég ekki og ennþá veit ég þó síður
hvort ég vonast og hvort ég bíð eftir nokkru.

Víst hefur nóttin og tönnin ótta minn vakið
og raust hinna djúpa vatna látið mig skelfast
þrátt fyrir það og kannski einmitt þess vegna
ég óska að taka þátt í leitinni miklu
í leitinni miklu og slást í för með hinum.

Á móðunnar bökkum hafa þeir safnast í hópa
kominir að austan og vestan og norðan og sunnan
og glampanði augu leita að strönd fyrir handan
uppréttar hendur veifa blaktandi kyndlum
er mýrgul tunglbirta fellur á hrópandi andlit:
hæ ferjumaður vakna og flyt okkur yfir.

En ferjumann dreymir og ferjumaðurinn sefur
fast í þeim sjálfum enda geta þeir beðið
því bikinu eldsneyti sinna dvínandi kyndla
hafa þeir gleymt á hrjóstrunum langt að baki
og þeir munu snúa aftur og leita biksins

og einhvern dag gæti hringmúr venjunnar rofnað
tærðir ísfingur dauðans brostið og óskin
losað kverkatak ellinar að hálsi.

Halló litli villikötturinn minn

Hár þitt
sólskinið á öræfum vetrarins

augu þín
þetta bláa sem fyllir runnana í ágúst
augu þín.

Litli villikötturinn minn
óargadýrið í myrkviðnum
hið dökka auga næturóttans
og hlátur júní dagsins

yndið í garði kvöldsins
veiztu hver hefur reikað um garðinn í kvöld?

Hlauptu, týnstu
hlauptu fyrir björg og týnstu

litli mjúki villikötturinn minn
ég mun leita þín.

Kvöldvísur um sumarmál

Yfir mófjallið rauða
bláhvítu ljósi stafar
nýmáninn fögur á brá.
Úti af fjörum brúnum
vesturfallinu knúin
ómar í logni hvítu
harpa í djúpum sjó

harpa sem leikur undir
vorkvöldsins slæðudansi
dapurt og glatt í senn.
Moldin dökka sem geymir
lík hinn týndu blóma
blóma sem hönd þín snerti
aftur er hlý og fersk.

Rökkur fellur á augu
kvöldsins og önnur blárri
handan við glötuð vor
verður að einu og rennur
saman kvöldið og mynd þín
hljóð og fögur sem minning
hrein og kvít eins og bæn.

Svartálfadans

Lifrauð sólkringlan viðrar dreglana
út um syngjandi haflötinn
og nóttin kemur með sínum gamla vagni
yfir blátt fjall.

Við blöndum kvöldskininu í fölgult vínið
og bíðum eftir nóttinni sem er að koma.

Hnötturinn snýst og löndin elta hvert annað.
Friðlaus er snældan í
sem bláþráðinn vindur.

Kvöldið réttir að nóttinni strengjaspil tímans
við lyftum glösum
og drekkum stundarskál.

Má ég bjóða í dans?

Eftir hjartslætti tímans
fölskum blóðtónum stundar
stígum við bálvígðan dansinn
og nú á að leika eftirlætið okkar
Rauðagullssinfóníuna.

Má ég einnig biðja um næsta dans
Dansinn fram á nóttu allra náttu?